

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska Kalkþörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	15.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Íslenska Kalkþörungafélagið	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Hafnargata 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Halldórsson	ÍSAT nr.	08990
Fulltrúi fyrirtækis	Almar V.A. Sveins /Sólveig D. Símonard.	Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins í Íslenska Kalkþörungafélagið. Í eftirlitinu var farið yfir úrbætur útistandandi frávíka. Í ljós kom að úrbótum vegna 5 útistandandi frávíka er ekki lokið og uppfæra þarf úrbótaáætlun í samræmi við það. Í eftirlitinu voru skráð þrjú ný frávik og þremur ábendingum var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi

- Framkvæmd úrbótaáætlana vegna útistandandi frávíka
 - Innleiðing á umhverfisstjórnunarkerfi
 - Frágangur á lóð
 - Ráðstöfun á uppsöfnuðum birgðum af ryki á lóð.
 - Aðgerðir vegna sýnilegs reyks frá verksmiðjunni:
 - Yfirlit yfir helstu ryk uppsprettur og mengunarvarnabúnað.
 - Aðgerðir vegna hávaða
 - Yfirlit yfir helstu hávaða uppsprettur og aðgerðir til að draga úr hávaða.
 - Niðurstöður mælinga á svifögnum í sjó
 - Yfirlit yfir útrásir fráveitulagna.
 - Niðurstöður mælinga á setmyndun fyrir og eftir dælingu.
- Skoðunarferð

1a) Innleiðing á umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili hefur unnið að endurbótum á gæðakerfi verksmiðjunnar og hefur kerfið fengið gæðavottun FEMAS. Í kjölfarið vinnur rekstraraðili að umhverfisstjórnunarkerfi sem ætlað er að tengist inn á gæðakerfið. Frestur til að ljúka við að koma á umhverfisstjórnunarkerfi var veittur til loka október.

1b) Frágangur á lóð

Ágætlega hefur gengið með tiltekt á lóð en ennþá er nokkuð um lausamuni og tæki sem rekstraraðili telur að muni nýtast í verksmiðjunni. Samþykkt úrbótaáætlun miðast við að tiltekt á lóð verði lokið fyrir árslok 2019 og samkvæmt upplýsingum rekstraraðila er henni lokið. Á hræfnishluta verksmiðjunnar eru nokkuð stórir haugar af hræfni og úrkasti (þ.e. leir sem búið er að harpa þörungum frá). Rekstraraðili er með til skoðunar hvort hægt sé að nýta betur frákastið og ná meira kalsíum úr því.

1c) Ráðstöfun ryks í sekkjum á baklóð

Unnið er að umpökkun sekkjana þar sem að þeir eru margir í lélegu ástandi sem rekja má til þess að þeir hafa staðið úti í nokkurn tíma. Við umpökkunina myndast talsvert ryk og því vinnur rekstraraðili að því að koma umpökkunarsílóinu fyrir innandyra. Rekstraraðili hefur sent út um 500 poka á árinu til endurvinnslu (í áburðarframleiðslu) en áætlað er að um 1400 pokar séu enn eftir og vikulega falla til um 3-4 pokar. Móttökuaðili hefur ekki tók á að taka við meiru efni á árinu og því ljóst að þessi ráðstöfunarleið eingöngu nægir ekki til að vinna niður birgðirnar.

1d) Aðgerðir vegna sýnilegs reyks frá verksmiðjunni

Yfirlitsteikning af verksmiðjunni og rykhreinsikerfi var afhent í eftirlitinu. Farið var yfir þær endurbætur sem hafa átt sér stað og eru fyrirhugaðar framundan. Stefnt er að því fyrir árslok að koma upp betra stjórnkerfi sem tengir hreinsivirkin betur saman. Bætt verður við þjöppu til að auka þrýsting inn á hreinsivirkin. Nýr búnaður hefur verið keyptur fyrir kornun og er stefnt að því að koma honum í gagn á vormánuðum. Þá hefur verið fjárfest í flokkunartæki sem mun bæta flokkun á hræfninu eftir að það kemur úr þurrkurum og er stefnt að því að koma því í gagn í fyrir lok september 2020. Einnig er unnið að því að svæðisskipta stjórnkerfi verksmiðjunnar þannig að hægt sé að slá út ákveðnum svæðum ef upp koma vandamál í stað þess að þurfa að slá út allri verksmiðjunni eins og kerfið er í dag. Útblástursmælingar voru framkvæmdar degi eftir að eftirlitið fór fram.

1e) Aðgerðir til að lágmarka hávaða

Rekstraraðili framkvæmir hljóðmælingar tvisvar sinnum á sólarhring og voru skráningar þess efnis frá apríl - október sl. afhentar í eftirlitinu. Unnið hefur verið að úrbótum vegna hávaða frá verksmiðjunni s.s. einangrun blásara og uppsetningu hljóðdempanði púða á vegg verksmiðjunnar sem snúa að bænum. Niðurstöður skráninga á hávaða benda til að þessar aðgerðir beri árangur. Enn eru mælingar þó alla jafna yfir mörkum á nóttunni og því þarf að bæta um betur til að halda hávaðanum í skefjum. Rætt var t.d. um ískur sem kemur frá færíböndum en það vandamál kemur upp þegar hráefni blotnar og festist í hjólum færíbandsins. Rætt var um mögulegar úrbætur s.s. forþurrkun efnisins eða yfirbyggingu.

1f) Niðurstöður mælinga á svifögnum í sjó.

Yfirlitsmyndir af lóð verksmiðjunnar sem sýna helstu frárennslislagnir og sýnatökustaði sjósýna var afhent í eftirlitinu. Af loftmyndum að dæma sést greinilegur ljós svifagnaflekkur sem streymir frá setlóni Kalkþörungafélagsins. Niðurstöður svifagnamælinga frá 2018, sem sendar voru eftirlitsaðila í lok ágúst, eru í samræmi við ljósa flekkinn sem sést á loftmyndum. Rekstraraðili telur að utanaðkomandi starfsemi hafi áhrif á niðurstöður fráveitusýna s.s. skipakomur en auk þess er fráveitulögn fiskvinnslufyrirtækis nokkuð stutt frá fráveitulögn og setlóni Kalkþörungafélagsins og óskaði eftirlitsaðili þá eftir að slíkar athugasemdir yrðu sendar skriflega til stofnunarinnar til efnislegrar meðferðar. Niðurstöður mælinga á svifögnum sýna í sumum tilvikum minnkaðan styrk svifefna og því ekki ósennilegt að aðrir þættir en dæling í lónið hafi í einhverjum tilvikum áhrif á styrk svifagna.

1g) Niðurstöður mælinga á setmyndun í sjávarbotni utan við setlón

Myndatökur og skoðun á sjávarbotni ásamt rannsókn á botnkjörnum var framkvæmd í september 2019 og var skýrsla þess efnis afhent í eftirlitinu.

Að loknum eftirlitsfundi var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna og verksmiðjulóðina. Aðgengi að hráefnisvæði er nokkuð betra en í síðustu vettvangsferð en þó eru enn stórir haugar af ýmist óunnu og unnu efni eins og fram kemur í 1. tölulið hér að framan. Nokkuð er ennþá af brotajárni, búnaði og öðru á lóðinni en þó sést greinilegur árangur af tiltekt sem hefur staðið yfir á árinu.

Frávík frá	Lýsing á fráviki
Grein 3.9 í starfsleyfi	Styrkukning svigagna fyrir og eftir dælingu í júní 2018 mældist 8 mg/l í sýnatökupunkti nr. 1. Samkvæmt starfsleyfi má styrkukning nema að hámarki 2 mg/L.
Grein 3.3 í starfsleyfi og 9. gr. reglugerðar 442/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang.	Í skoðunarferð um lóðinni sáust rafgeymar á vörubretti, ísskápur og fleiri raftæki sem voru óvarin fyrir regni og veðrun. Geymslustaðir raf- og rafeindatækjaúrgangs áður en meðhöndlun hefst skulu skv. reglugerð nr. 442/2018 vera viðeigandi svæði með ógagndræpu yfirborði þar sem fyrir hendi er aðstaða til lekasöfnunar og ef við á fellingar- og fituhreinsunarbúnaður og verja skal geymslustaði fyrir vatni og vindum.
Grein 3.13 í starfsleyfi og töflu III í viðauka reglugerðar 724/2008 um hávaða.	Skráningar á hávaða gefa til kynna að hávaði sé enn yfir reglugerðarmörkum leyfilegs hávaða í íbúabyggð að nóttu til. Rekstraraðili hefur gert ýmsar úrbætur sem virðast skila árangri en ljóst er að nauðsynlegt er að grípa til fleiri aðgerða til að tryggja að hávaði sé innan leyfilegra marka.

ÁBENDINGAR

Fok úr haugunum var ekki sjáanlegt en rekstraraðili var minntur á þá áhættu og meta þyrfti annars vegar út frá kornastærð og hins vegar þurrleika efnisins hvort ástæða sé til yfirbreiðslu eða annarra ráðstafana til að hindra ryk.

Rekstraraðili hyggst færa umpökkun ryksekkja innandyra þar sem að vinnslan veldur talsverðri rykmyndun. Bent var á að passa að loka hurðum við vinnsluna og huga að hvort vinnslan krefjist rykhreinsibúnaðar.

Rekstraraðili kynnti nokkrar hugmyndir að endurbótum á verksmiðjunni s.s. á hreinsibúnaði sem er enn á hugmyndastigi. Rekstraraðili er minntur á að tilkynna allar breytingar á starfseminni til eftirlitsaðila sbr. grein 1.4 í starfsleyfinu.

ANNAÐ

Rekstraraðili hefur sent inn matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar vegna stækkunar verksmiðjunnar úr 85.000 tonnum/ári í 120.000 tonn/ári. Ákvörðun um hvort stækkunin sé háð mati á umhverfisáhrifum liggur ekki fyrir að svo stöddu.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.01.2020


Halla Einarsdóttir

